

Sp.

358. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp og Njarðvíkurhrepp.

Flm.: Ólafur Thors, Guðm. Í. Guðmundsson, Sigurður Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast lán, að upphæð allt að 1200 þús. kr., sem Keflavíkurhreppur tekur til þess að standast kostnað af innanhreppskerfi rafveitunnar, og lán, að upphæð allt að 300 þús. kr., er Njarðvíkurhreppur tekur í sama skyni.

Greinargerð.

Nýverið var samþ. á Alþingi að heimila ríkisstjórninni að kaupa allt það efni, er þá var fáanlegt í rafveitu Reykjaness. Efni þetta hefur nú verið keypt, og er búið að flytja nokkurn hluta þess til landsins, en annað er á leiðinni, og verður öllum flutningi hraðað sem föng eru á. Hafizt hefur verið handa um framkvæmdir, og hefur ríkið þær með höndum. Kostar ríkið aðalorkuveituna frá Hafnarfirði til Keflavíkur, en hrepparnir verða að standast kostnað af innanhreppskerfum. — Er hér farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á nauðsynlegum lánum, er Keflavíkurhreppur og Njarðvíkurhreppur ætla að taka til þeirra þarfa, og er slík ábyrgð hliðstæð ábyrgðum, sem ríkið hefur veitt fyrir kostnaði við rafveituframkvæmdir hjá öðrum sveitarfélögum.

Upphæð ábyrgðar er miðuð við bráðabirgðaáætlun forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins á kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir í Keflavík og Njarðvíkum, en lengra verður Reykjanessveitinni eigi komið áleiðis með því efni, er enn hefur fengizt keypt erlendis til slíkra framkvæmda.